

Reglur um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 868/2004

1. gr.

1. mgr. 5. gr. a) hljóðar þannig:

Fyrir upphaf kennslutímabils velja stúdentar þau námskeið er þeir hyggjast sækja. Í upphafi kennslutímabils staðfesta stúdentar skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Staðfesting á vali gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig skriflega í próf í síðasta lagi á lokadegi skráningar. Lokadagar skráninga eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í almanaki skólans. Innritun í haustpróf skal vera lokið eigi síðar en þrem vikum fyrir fyrsta prófdag. Innritun í sjúkra- og endurtökupróf skal vera lokið eigi síðar en einni viku fyrir áætlaðan próftíma enda hafi umsjónarkennari þá skilað inn einkunn úr reglulegu prófi.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri 25. apríl 2008

Þorsteinn Gunnarsson
rektor

Sólveig Ása Árnadóttir
varaforseti háskólaráðs